

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 198/2021****2024/EES/13/10****frá 9. júlí 2021****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka
(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/616 frá 13. apríl 2021 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir benalaxýl, benalaxýl-M, díklóbeníl, flúópíkolíð, prókínasíð og píridalýl í eða á tilteknum afurðum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/618 frá 15. apríl 2021 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir díklófóp, flúópýram, ípkónasól og terbútýlasín í eða á tilteknum afurðum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/644 frá 15. apríl 2021 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir flúxapýroxað, hýmexasól, metamítrón, penflúfen og spírótetramat í eða á tilteknum afurðum ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/663 frá 22. apríl 2021 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir klórdekón í eða á tilteknum afurðum ⁽⁴⁾.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um föður og matvæli. Ákvæði löggjafar um föður og matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 6) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32021 R 0616:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/616 frá 13. apríl 2021 (Stjttíð. ESB L 131, 16.4.2021, bls. 4),
- **32021 R 0618:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/618 frá 15. apríl 2021 (Stjttíð. ESB L 131, 16.4.2021, bls. 55),

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 131, 16.4.2021, bls. 4.⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 131, 16.4.2021, bls. 55.⁽³⁾ Stjttíð. ESB L 133, 20.4.2021, bls. 9.⁽⁴⁾ Stjttíð. ESB L 139, 23.4.2021, bls. 148.

- **32021 R 0644**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/644 frá 15. apríl 2021 (Stjtið. ESB L 133, 20.4.2021, bls. 9),
- **32021 R 0663**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/663 frá 22. apríl 2021 (Stjtið. ESB L 139, 23.4.2021, bls. 148).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32021 R 0616**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/616 frá 13. apríl 2021 (Stjtið. ESB L 131, 16.4.2021, bls. 4),
- **32021 R 0618**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/618 frá 15. apríl 2021 (Stjtið. ESB L 131, 16.4.2021, bls. 55),
- **32021 R 0644**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/644 frá 15. apríl 2021 (Stjtið. ESB L 133, 20.4.2021, bls. 9),
- **32021 R 0663**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/663 frá 22. apríl 2021 (Stjtið. ESB L 139, 23.4.2021, bls. 148).“

3. gr.

Texti reglugerða (ESB) 2021/616, (ESB) 2021/618, (ESB) 2021/644 og (ESB) 2021/663, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. júlí 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. júlí 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.